Ár 1998, þriðjudaginn 29. desember var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlíussyni.

**Fyrir var tekið:**

**Að ákvarða laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla.**

Mánaðarlaun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. 2. gr. l. 120/1992 skulu hækka 1. janúar 1999 um 3,65% frá síðustu ákvörðunum Kjaradóms um laun viðkomandi. Mánaðarlaun einstakra aðila verða þá sem hér segir:

1. Forseti Íslands krónur 468.050

2. Forsætisráðherra krónur 450.479 og aðrir ráðherrar krónur 409.517, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi

3. Forseti Hæstaréttar krónur 372.651 en aðrir hæstaréttardómarar krónur 338.803

4. Ríkissaksóknari krónur 338.803

5. Ríkissáttasemjari krónur 323.927

6. Ríkisendurskoðandi krónur 323.927

7. Biskup Íslands krónur 282.857

8. Dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur krónur 310.695 en aðrir dómstjórar krónur 280.814

9. Héraðsdómarar krónur 270.967

10. Umboðsmaður barna krónur 269.594

11. Þingfararkaup alþingismanna krónur 228.204

Eldri ákvarðanir Kjaradóms um yfirvinnu og önnur réttindi skulu óbreyttar standa.

Garðar Garðarsson
formaður

Jón Sveinsson

Magnús Óskarsson

Margrét Guðmundsdóttir

Þorsteinn Júlíusson